Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 235, 1.9.2016, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2018

2020/EES/6/17

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 L 2102:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 (Stjtíð. ESB L 305, 21.11.2017, bls. 8).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) 2017/2102, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 305, 21.11.2017, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2018

2020/EES/6/18

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/35 frá 10. janúar 2018 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi oktametylsýklótetrasíloxani (D4) og dekametylsýklópentasíloxani (D5)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0035**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/35 frá 10. janúar 2018 (Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/35, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2018**2020/EES/6/19**

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2326 frá 14. desember 2017 um að samþykkja imíprótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2327 frá 14. desember 2017 um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2334 frá 14. desember 2017 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósót til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1383) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzf. **32017 R 2326**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2326 frá 14. desember 2017 um að samþykkja imíprótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 22).

12zzzzzg. **32017 R 2327**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2327 frá 14. desember 2017 um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 (Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 25).

12zzzzzh. **32017 D 2334**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2334 frá 14. desember 2017 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósót til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 64).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/2326 og (ESB) 2017/2327 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/2334, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 22.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 25.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 64.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2018

2020/EES/6/20

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1455 frá 10. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu píkoxýstróbín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1496 frá 23. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klórópálónfl, klórótólúrón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, flúfenaset, flúrtamón, forklorfenúrón, fosfíásat, indoxakarb, ípródíón, MCPA, MCPB, silpíófam, píófanatmetýl og tríbenúrón ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1526 frá 6. september 2017 um að samþykkja ekki virka efnið betasýpermetrín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 frá 6. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virku efnin sýflúfenamíð, flúópíklíð, heptamaloxýlóglúkan og malpíón ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 um samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1530 frá 7. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið kvisalófóp-p-tefúryl ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531 frá 7. september 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ímasamoxi sem efni sem ráðgerter að skipta út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 208, 11.8.2017, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 4.

um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁸⁾.

- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **2017 R 1455:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1455 frá 10. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 208, 11.8.2017, bls. 28),
- **2017 R 1496:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1496 frá 23. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 7),
- **2017 R 1511:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115),
- **2017 R 1527:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 frá 6. september 2017 (Stjttíð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 3),
- **2017 R 1529:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1),
- **2017 R 1530:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1530 frá 7. september 2017 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 4),
- **2017 R 1531:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531 frá 7. september 2017 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 6).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzy (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1506):

„13zzzzzzzz. **2017 R 1455:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1455 frá 10. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu píkoxystróbín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 208, 11.8.2017, bls. 28).

13zzzzzzzza. **2017 R 1496:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1496 frá 23. ágúst 2017 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 7).

13zzzzzzzzb. **2017 R 1526:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1526 frá 6. september 2017 um að samþykkja ekki virka efnið betasýpermetrín í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 1).

13zzzzzzzzc. **2017 R 1529:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 um samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 6.

13zzzzzzzzd. **32017 R 1531**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1531 frá 7. september 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ímasamoxi sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stj. tíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1455, (ESB) 2017/1496, (ESB) 2017/1511, (ESB) 2017/1526, (ESB) 2017/1527, (ESB) 2017/1529, (ESB) 2017/1530 og (ESB) 2017/1531 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2018

2020/EES/6/21

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2100 frá 4. september 2017 um vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 25. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2005) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„26. **32017 R 2100**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2100 frá 4. september 2017 um vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtúð. ESB L 301, 17.11.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/2100, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 301, 17.11.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2018****2020/EES/6/22****frá 23. mars 2018****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2228 frá 4. desember 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 55.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 2228**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2228 frá 4. desember 2017 (Stjútíð. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 2), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 55.“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/2228, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 55, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2018

2020/EES/6/23

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317 frá 13. desember 2017 um viðurkenningu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 6aw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2164) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6ax. **32017 D 2317**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317 frá 13. desember 2017 um viðurkenningu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 79).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 79.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2018

2020/EES/6/24

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2123 frá 30. nóvember 2016 um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir heraflla og samningsyfirvöld, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2124 frá 30. nóvember 2016 um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir vottaða viðtakendur, eins og um getur í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Texti 15. liðar (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/24/ESB) undir yfirskriftinni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „16. **32016 H 2123:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2123 frá 30. nóvember 2016 um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir heraflla og samningsyfirvöld, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 101).
17. **32016 H 2124:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2124 frá 30. nóvember 2016 um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir vottaða viðtakendur, eins og um getur í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 105).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2016/2123 og (ESB) 2016/2124, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 101.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 105.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2018

2020/EES/6/25

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2293 frá 3. ágúst 2017 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á krosslímum timburvörum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 16351, og vörum úr spónlögðu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14374, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2v (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1228) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„2w. **32017 R 2293**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2293 frá 3. ágúst 2017 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á vörum úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 16351, og vörur úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14374, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna (Stjttð. ESB L 329, 13.12. 2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/2293, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 329, 13.12.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2018

2020/EES/6/26

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 frá 9. mars 2016 um togbrautarbúnað og niðurfellingu á tilskipun 2000/9/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj tíð. ESB L 266, 30.9.2016, bls. 8.
- 2) Reglugerð (ESB) 2016/424 fellir úr gildi frá og með 21. apríl 2018, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/9/EB ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 21. apríl 2018.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/EB):

„1e. **32016 R 0424:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 frá 9. mars 2016 um togbrautarbúnað og niðurfellingu á tilskipun 2000/9/EB (Stj tíð. ESB L 81, 31.3. 2016, bls. 1.), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj tíð. ESB L 266, 30.9.2016, bls. 8.“

2. Texti liðar 1b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/9/EB) fellur brott frá og með 21. apríl 2018.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/424, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj tíð. ESB L 266, 30.9.2016, bls. 8, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stj tíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stj tíð. ESB L 106, 3.5.2000, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2018

2020/EES/6/27

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar tæknilegar kröfur og almennar kröfur með tilliti til losunarmarka og gerðarviðurkenningar brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/655 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar vöktun á losun mengandi lofttegunda frá brunahreyflum sem eru í notkun og eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/656 frá 19. desember 2016 um stjórnslukröfur að því er varðar losunarmörk og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 1e (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/424) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „1f. **32017 R 0654:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar tæknilegar kröfur og almennar kröfur með tilliti til losunarmarka og gerðarviðurkenningar brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega (Stjútíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 1).
- 1g. **32017 R 0655:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/655 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar vöktun á losun mengandi lofttegunda frá brunahreyflum sem eru í notkun og eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega (Stjútíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 334).
- 1h. **32017 R 0656:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/656 frá 19. desember 2016 um stjórnslukröfur að því er varðar losunarmörk og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 (Stjútíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 364).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654, (ESB) 2017/655 og (ESB) 2017/656, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 334.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 364.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2016/1628 inn í EES-samninginn, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2018

2020/EES/6/28

frá 23. mars 2018

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjútð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 31.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/467 frá 30. september 2015 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikninginn á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir nokkra eignaflokka í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2283 frá 22. ágúst 2016 um leiðréttingu á þýskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/669 frá 16. desember 2016 um leiðréttingu á búlgörsku, króatísku, tékknesku, eistnesku, frönsku, grísku, litáísku, maltnesku, rúmensku, slóvakísku og sænsku útgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/460 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur um samþykki eigin líkans í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/461 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar ferlið um að taka sameiginlega ákvörðun um umsókn til að nota eigið líkan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/462 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur við samþykki eftirlitsfirvalda um að stofna félög með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsfirvalda að því er varðar félög með sérstakan tilgang, sem og form og mát fyrir upplýsingar sem félög með sérstakan tilgang eiga að tilkynna um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/498 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferð við samþykki eftirlitsfirvalda til að nota breytur sem eiga við tiltekið félag í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjútð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútð. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 6.

⁽³⁾ Stjútð. ESB L 346, 20.12.2016, bls. 111.

⁽⁴⁾ Stjútð. ESB L 97, 8.4.2017, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjútð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjútð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 19.

⁽⁷⁾ Stjútð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 23.

⁽⁸⁾ Stjútð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 8.

- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/499 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem nota skal við veitingu samþykkis eftirlitsyfirvalda fyrir notkun stuðningsgjaldþolsliða í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/500 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við samþykki eftirlitsyfirvalda á umsókn um aðlögun vegna samræmingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2012 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við ákvarðanir um að fastsetja, reikna út og afnema viðbótar-gjaldþolskröfur í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹²⁾.
- 13) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2013 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹³⁾.
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2014 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur og sniðmát fyrir framlagningu upplýsinga til eftirlitsaðila samstæðu og fyrir upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁴⁾.
- 15) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2015 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla um verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁵⁾.
- 16) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2016 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar hlutabréfa-vísitölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning gjaldþolskröfu með staðalreglu vegna hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁶⁾.
- 17) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2017 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðlöguðu stuðlana til að reikna út gjaldþolskröfu fyrir gjaldmiðlaáhættu vegna gjaldmiðla sem bundnir eru við evru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁷⁾.
- 18) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁸⁾.

⁽⁹⁾ Stjtuð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 12.

⁽¹⁰⁾ Stjtuð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 18.

⁽¹¹⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 3.

⁽¹²⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 5.

⁽¹³⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 9.

⁽¹⁴⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 11.

⁽¹⁵⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 16.

⁽¹⁶⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 18.

⁽¹⁷⁾ Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 21.

⁽¹⁸⁾ Stjtuð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1.

- 19) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2451 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og fyrirkomulag við birtingu eftirlitsyfirvalda á sértækum upplýsingum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁹⁾.
- 20) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁰⁾.
- 21) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/165 frá 5. febrúar 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 1. janúar til 30. mars 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Gjaldþolsáætlun II) ⁽²¹⁾.
- 22) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/869 frá 27. maí 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars til 29. júní 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga ⁽²²⁾.
- 23) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1376 frá 8. ágúst 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní til 29. september 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga ⁽²³⁾.
- 24) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1630 frá 9. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við beitingu á umbreytingarráðstöfuninni fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁴⁾.
- 25) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 frá 11. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁵⁾.
- 26) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1868 frá 20. október 2016 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir framlagningu upplýsinga til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁶⁾.
- 27) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1976 frá 10. nóvember 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 30. september til 30. desember 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga ⁽²⁷⁾.
- 28) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1602 frá 5. júní 2015 um jafngildi gjaldþols- og varfærnireglna fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Sviss, byggt á 2. mgr. 172. gr., 4. mgr. 227. gr. og 3. mgr. 260. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁸⁾.

⁽¹⁹⁾ Stjtuð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1224.

⁽²⁰⁾ Stjtuð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1285.

⁽²¹⁾ Stjtuð. ESB L 32, 9.2.2016, bls. 31.

⁽²²⁾ Stjtuð. ESB L 147, 3.6.2016, bls. 1.

⁽²³⁾ Stjtuð. ESB L 224, 18.8.2016, bls. 1.

⁽²⁴⁾ Stjtuð. ESB L 243, 10.9.2016, bls. 1.

⁽²⁵⁾ Stjtuð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 19.

⁽²⁶⁾ Stjtuð. ESB L 286, 21.10.2016, bls. 35.

⁽²⁷⁾ Stjtuð. ESB L 309, 16.11.2016, bls. 1.

⁽²⁸⁾ Stjtuð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 95.

- 29) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 frá 12. júní 2015 um bráðabirgðajafngildi gjaldþolsreglna sem eru í gildi í Ástralíu, Bermúdaeyjum, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum og gilda um váttrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofu í þessum löndum ⁽²⁹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 126.
- 30) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/309 frá 26. nóvember 2015 um jafngildi eftirlitsfyrirkomulags fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi er á Bermúdaeyjum við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB og um breytingu á framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 ⁽³⁰⁾.
- 31) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/310 frá 26. nóvember 2015 um jafngildi gjaldþolsreglna fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Japan við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽³¹⁾.
- 32) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 1a (felldur brott) í IX. viðauka við EES-samninginn:

- „1aa. **32015 D 1602:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1602 frá 5. júní 2015 um jafngildi gjaldþols- og varfærnireglna fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Sviss, byggt á 2. mgr. 172. gr., 4. mgr. 227. gr. og 3. mgr. 260. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjútíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 95).
- 1ab. **32015 D 2290:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 frá 12. júní 2015 um bráðabirgðajafngildi gjaldþolsreglna sem eru í gildi í Ástralíu, Bermúdaeyjum, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum og gilda um váttrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofu í þessum löndum, (Stjútíð. ESB L 323, 9.12.2015, bls. 22), sbr. breytingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 126, eins og henni var breytt með:
- **32016 D 0309:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/309 frá 26. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 50).
- 1ac. **32016 D 0309:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/309 frá 26. nóvember 2015 um jafngildi eftirlitsfyrirkomulags fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi er á Bermúdaeyjum við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB og um breytingu á framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 (Stjútíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 50).
- 1ad. **32016 D 0310:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/310 frá 26. nóvember 2015 um jafngildi gjaldþolsreglna fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Japan við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjútíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 55).
- 1b. **32015 R 0035:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 31, eins og henni var breytt með:

⁽²⁹⁾ Stjútíð. ESB L 323, 9.12.2015, bls. 22.

⁽³⁰⁾ Stjútíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 50.

⁽³¹⁾ Stjútíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 55.

- **32016 R 0467:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/467 frá 30. september 2015 (Stjttíð. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 6),
- **32016 R 2283:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2283 frá 22. ágúst 2016 (Stjttíð. ESB L 346, 20.12.2016, bls. 11),
- **32017 R 0669:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/669 frá 16. desember 2016 (Stjttíð. ESB L 97, 8.4.2017, bls. 3).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 85. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við, að því er varðar EFTA-ríkin:

„Eftirlitsyfirvaldið getur ákveðið að farið sé með áhættuskuldbindingar annarra héraðsstjórna og staðaryfirvalda, sem ekki hafa lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, sem áhættuskuldbindingar sem eru einu lánshæfisþrepi ofar en það lánshæfisþrep sem ríkið í lögsögunni þar sem þau eru stofnsett hefur.“

- b) Í 4. mgr. 192. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við, að því er EFTA-ríkin varðar:

„Eftirlitsyfirvaldið getur ákveðið hærri mörk en núll sem lágmark fyrir tap að gefnum vanefndum til þess að tryggja heildareiginfjárkröfu vegna áhættuskuldbindinga vegna veðlana í samræmi við eiginfjárkröfu vegna slíkra áhættuskuldbindinga hjá lánastofnunum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.“

- c) Í 288. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Hvað EFTA-ríkin varðar, skal Eftirlitsstofnun EFTA, þegar lagt er mat á þætti og viðmiðanir samkvæmt þessari grein, koma á framfæri við Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunina, án ótilhlýðilegrar tafar, öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar svo hún geti samið drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“

